

MIÐBÆR HVOLSVALLAR

Deiliskipulag miðbæjar Hvolsvallar

HÚSAKÖNNUN

Nóvember 2019



LANDMÓTUN[®]

Efnisyfirlit

1	FORMÁLI	3
2	BYGGINGARSAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR.	4
3	RANGÁRÞING EYSTRÁ.....	6
4	HÚSVERNDARKORT	6
5	HEIMILDIR	7
6	VIÐAUKI A - HÚSASKRÁNING	7

Myndaskrá:

Mynd 1: Afmörkun deiliskipulagssvæðis miðbæjar Hvolsvallar (kort: Landmótun, loftmynd: loftmyndir ehf.)	3
Mynd 2: Uppdráttur af Hvoli frá 1914. Kort: Landmælingar Íslands, lmi.is.....	4
Mynd 3: Vinstra megin eru fyrstu húsin á Hvolsvelli um 1933 (mynd: Goðasteinn, 1963). Hægra megin eru sömu hús árið 2019 (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason).....	4
Mynd 4: Austurvegur 2 þar sem var hús póst- og símastöðvarinnar. Er í dag gisti- og veitingahús (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason).	5
Mynd 5: Hús Kaupfélags Rangæinga í kringum árið 1960 vinstra megin (Mynd: Goðasteinn, 1963). Hægra megin er kaupfélagshúsið árið 2019, eftir að byggt var við það (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason).....	5
Mynd 6: Myndirnar sína byggðina á Hvolsvelli, árið 1965 vinstra megin og árið 1980 hægra megin (myndir úr safni Rangárþings Eystra	6
Mynd 7: Skýringarmynd sem sýnir varðveislugildi húsa á skipulagssvæðinu (mynd: Landmótun).	6

Forsíðumynd er fengin af heimasíðu sveitarfélagsins:


<https://www.hvolsvollur.is/is/mannlif/rangarthing-eystra/um-sveitarfelagid>

1 FORMÁLI

Samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru. Það er gert með gerð húsakönnunar þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi og skal hún höfð til hliðsjónar við gerð skipulagsins. Á þann hátt er leitast við að tryggja að nægileg þekking sé til staðar til að taka upplýstar ákvarðanir um verndun og skilmála einstakra húsa og mótun byggðarinnar til framtíðar.

Í húsakönnun skal m.a. tilgreina byggingarár, hönnuði, byggingarefni, hæðafjölda, og breytingar húsa. Birta skal eina ljósmynd fyrir hvert hús.

Hér á eftir er könnun byggðar við göturnar Austurveg og Hvolsveg á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra. Könnunin er fylgigagn fyrir deiliskipulag miðbæjar Hvolsvallar.




Mynd 1: Afmörkun deiliskipulagssvæðis miðbæjar Hvolsvallar (kort: Landmótun, loftmynd: loftmyndir ehf.)

Ekki er um að ræða tæmandi úttekt á sögu viðkomandi svæðis. Hins vegar er nauðsynlegt að átta sig á heildarsamhengi og þróun svæðisins. Hvert hús hefur verið myndað, tilgreint byggingarár og hver hönnuður þess er, byggingarefni og frágangur ytra byrðis og breytingar skráðar.

2 BYGGINGARSAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR.


Þéttbýlismyndun á Hvolvelli hófst fyrir rúmum 80 árum. Þorpið er byggt í landi Stórólfshvols og kemur jörðin fyrir í landnámu. Þar heitir jörðin Hvoll og þá bjó þar Stórólfr Hængsson. Áður en Hvolsvöllur byggðist upp var komin verslun við ströndina, Kaupfélag Hallgeirseyjar, sem varð síðan að Kaupfélagi Rangæinga. Kaupfélag Hallgeirseyjar flutti inn vörur sem var oftast skipað upp í Vestmannaeyjum og þegar „leiði“ gafst voru þær fluttar á mótorbátum þaðan upp í sandfjöruna við Hallgeirsey. Við Hallgeirsey hafði kaupfélagið haft bækistöð sína frá árinu 1920, en það var stofnað árið 1919.



Mynd 2: Uppdráttur af Hvoli frá 1914. Kort: Landmælingar Íslands, lmi.is.

Sýslunefndarmenn í héraðinu boðaðir til fundar þar sem fyrsta byggingarnefnd Stórólfshvolsjarða var stofnuð. Má þá segja að formlega hafi verið hafin byggð á Hvolsvelli. Arnarhvoll og fyrsta útibú kaupfélagsins eru ekki innan fyrirhugaðs deiliskipulags miðbæjar Hvolsvallar. Húsin hafa verið gerð upp af núverandi eigendum og eru notuð sem íbúðarhús.

Þéttbýli fór að myndast út frá Stórólfshvöli upp úr 1930. Þá fóru samgöngur að breytast og kaupfélagið opnaði útibú frá Hallgeirsey á Hvolsvelli, ntt. að Hvolsvelli 32. Tveimur árum eftir að útibú Kaupfélagsins var opnað á Hvolsvelli er fyrsta íbúðarhúsið risið. Það var kaupfélagsstjórahúsið Arnarhvoll. Arnarhvoll er staðsettur að Hvolsvelli 30. Sama ár byggði bifreiðarstjóri kaupfélagsins lítið íbúðarhús og nefndi Litla-Hvol. Það hús var síðar flutt í Þórsmörk. Sama ár voru byggðar brýr á Þverá, Affall og Ála. Þannig urðu allir flutningar um Rangárvallasýslu auðveldari og var ákveðið að flytja höfuðstöðvar Kaupfélagsins frá Hallgeirsey að Hvolsvelli. Þann 2. september 1939 voru allir



Kaupfélagshverfið um 1933. — Frá vinstri: Litli-Hvoll, Arnarhvoll og verzlunar- og skrifstofuhúsnæði Kaupfélags Hallgeirseyjar. — Myndin er teiknuð af Helgu Skúladóttur frá Keldum.



Mynd 3: Vinstra megin eru fyrstu húsin á Hvolsvelli um 1933 (mynd: Goðasteinn, 1963). Hægra megin eru sömu hús árið 2019 (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason).


Byggð á Hvolsvelli óx hægt framan af og er lítið byggt, nema pakkhús fyrir kaupfélagið. Árið 1937 er sýslumannsembætti Rangæinga flutt frá Gunnarsholti á Hvolsvöll og var það fjórða íbúðarhúsið sem byggt er á Hvolsvelli. Árið 1939 er sett upp díselvél í pakkhúsinu til að framleiða rafmagn fyrir þau fáu hús sem komin voru og einnig til að reka frystigeymslur.



Mynd 4: Austurvegur 2 þar sem var hús póst- og símstöðvarinnar. Er í dag gisti- og veitingahús (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason).


Árið 1942 er byggð ný póst- og símstöð. Árið eftir er hún tekin í notkun og fyrst þá er talið að Hvolsvallarnafnið hafi endanlega verið fest í sessi við kaupstaðinn. Á fyrstu árum símstöðvarinnar er bílæign ekki orðin almenn og átti fólk þá oft griðastað í símstöðinni. Hús póst- og símstöðvarinnar við Austurveg 2 er elsta hús miðbæjarins sem er innan þess deiliskipulags sem verið er að fjalla um.

Á fimmta áratugnum risu húsin jafnt og þétt. Kaupfélagið jók umsvif sín upp frá þessu og sameinaðist árið 1948 Kaupfélagi Rangæinga, og bar nafn þess síðarnefnda upp frá því. Árið 1957 opnaði kaupfélagið kjörbúð við Austurveg en hún var þá ein af fyrstu slíkum á landinu. (Eyjólfsson, 1963)



Mynd 5: Hús Kaupfélags Rangæinga í kringum árið 1960 vinstra megin (Mynd: Goðasteinn, 1963). Hægra megin er kaupfélagshúsið árið 2019, eftir að byggt var við það (mynd: Guðmundur Úlfar Gíslason)

Á árinu 1930 eru íbúar í Hvolhreppi 222, tíu árum síðar 225. Árið 1950 er íbúatala hreppsins 270 og þar af 96 á Hvolsvelli. Árið 1960 er íbúatalan 319 og þar af 142 á Hvolsvelli. 1. janúar 2019 eru íbúar á Hvolsvelli orðnir 988.




Mynd 6: Myndirnar sína byggðina á Hvolsvelli, árið 1965 vinstra megin og árið 1980 hægra megin (myndir úr safni Rangárþings Eystra).

3 RANGÁRÞING EYSTRÁ

Sveitarfélagið Rangárþing eystra varð til þann 9. júní árið 2002. Þá sameinuðust sex hreppar í austanverðri Rangárvallasýslu í eitt sveitarfélag; Hvolhreppur, Fljótshlíðarhreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur.

Rangárþing eystra nær frá Eystri-Rangá í vestri til Jökulsár á Sólheimasandi í austri. Sveitarfélagið er mikið landbúnaðarhérað en jafnframt er ferðapjónusta vaxandi atvinnugrein og þar er að finna einstakar náttúruperlur og þekktá sögustaði.

4 HÚSVERNDARKORT



Mynd 7: Skýringarmynd sem sýnir þá húsværingu sem lögð er til á skipulagssvæðinu (mynd: Landmótun).

5 HEIMILDIR

Sveitarstjórnarmál (191983, 1. Apríl). Fimmtíu ára afmæli byggðar á Hvolsvelli. Samtal við Ólaf Sigfússon, sveitarstjóra. Sveitarstjórnarmál, bls 75-82. Sótt 30.7.2019 af:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=368997&pageld=5990186&lang=is&q=BYGG%D0AR%20%C1%20HVOLSVELLI

Tíminn (1960, 23. ágúst). Hvoll-glæsilegt félagsheimili Hvolhreppinga. *Tíminn*, bls. 8. Sótt 30.07.2019 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=1041742

Heimasíða Rangárbings eystra, www.hvolsvollur.is

Skipulagslög nr. 123/2010.

Goðasteinn (1963). Hvolsvöllur; sunnlenskt sveitaborp í vexti, bls. 32-41. Pálmi Eyjólfsson.

6 VIÐAUKI A - HÚSASKRÁNING

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Verslun

Hönnuður: Teiknistofa sambandsins /Sigurður Einarsson

Núverandi notkun: Verslun

Upphaflegur byggingarstíll:



Teikning af nýrri klæðningu frá árinu 2010, teiknuð af

Mynd: Landmótun.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir:

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Bárújárn/þakdúkur

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteipt

Bárújárn

Flatt þak

Bárújárn/þakdúkur

Steinsteipt

Einlyft

Helstu breytingar:

2010 Klætt með liggjandi bárújárn. Settir gluggakarmar og póstar úr áli.

Hönnuðir breytinga:

Sigurður Einarsson, Nýju teiknistofunni ehf, arkitekt

Saga:

Upprunalega er húsið hannað sem bensínstöð af Teiknistofu sambandsins en hönnuður er Sigurður Einarsson. Gluggar á framhlið eru ekki eins og á teikningu. Húsið var klætt með loftræstri liggjandi báru árið 2010 og voru breytingar einnig teiknaðar af Sigurði Einarssyni á Nýju teiknistofunni ehf.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Miðlungs

Móðernískt hús sem ber sterkan svip af hringgluggum og þjónar hlutverki sínu vel.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hluti af verslunarsögu staðarins en hefur ekki sérstakt menningarsögulegt gildi svo vitað sé.

Umhverfisgildi:

Lágt

Húsið hefur ekki sérstakt umhverfisgildi, stendur eitt á miklu bílastæð aflæmi.

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið hefur fengið nýja, afgerandi klæðningu sem breytir svip þess nokkuð frá upprunalegri gerð, en fer þó ágætlega á því.

Tæknilegt ástand:

Hátt

Ástand hússins er gott.

Varðveislugildi:


Miðlungs

Húsið hefur ekki sérstakt varðveislugildi en ber þó hringlaga glugga sem eru ekki algengir í plássinu.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Nýja teiknistofan hf. Sigurður Einarsson.
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Verslun; Þjónusta
Núverandi notkun: Verslun; Þjónusta



Mynd af teikningavef Rangárbings eystra frá 1986



Mynd af ja.is

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	2009 Breytingar á útliti hússins, gluggum breytt, rúðum fækkað.	Jóhann Einarsson, arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Flatt/einhalla þak	Flatt/einhalla þak		
Þakklæðning:	Bárujárn/þakdúkur	Bárujárn/þakdúkur		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið er byggt 1987 og er að mestu óbreytt frá upprunalegri teikningu. Árið 2009 kom teiknistofa Ingimundar Sveinssonar að breytingum á útliti hússins, svo sem gluggum, og var það Jóhann Einarsson sem teiknaði þær.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Byggingin hefur nokkurt listrænt gildi. Uppbrotið þakform ljær henni sérstöðu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Breytingar á húsinu eru teiknaðar á stofu Ingimundar Sveinssonar arkitekts.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur eitt og sér á stórrí lóð sem einkennist af stóru bílplani og eldsneytisafgreiðslu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Breytingar á gluggum hafa nokkur áhrif á upprunalegan svip hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand ytra byrðis hússins er gott.

Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur nokkra sérstöðu og er varðveislugildi þess hátt. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: einstök hús, götummynd vegna sögu og byggingarlistarlegrar sérstöðu.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götummynd	rauður litur á korti


Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Teiknistofan Ármúla

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð; Þjónusta

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi; Þjónusta



Teikning af teikningarvef Rangárpings eystra.



Mynd af ja.is.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Trégrind, klætt með

Útveggir: Steniklæðning

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Steinskífur

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Einlyft; Portbyggt; Ris;
Kjallari**Núverandi**

Trégrind, klætt með

Steniklæðning

Mænisþak

Steinskífur

Steinsteipt

Einlyft; Portbyggt; Ris;
Kjallari**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið er einlyft timburhús með nýtanlegu risi, steniklætt. Þjónaði áður sem símsstöð. Upprunaleg teikning hefur ekki varðveist en fyrstu teikningar eru frá 1984 en þá hefur húsinu verið breytt og viðbyggingu að aftan verið bætt við.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Lágt Einfalt einlyft timburhús með risi.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Hluti af upphaflegri byggð á Hvolsvelli.

Umhverfisgildi: Miðlung Mikilvægt í götummynd Austurvegar og er fyrsta húsið sem blasir við þegar ekið er á þjóðveginum inn í plássíð á vesturleið.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt frá teikningum. Upphaflegar teikningar hafa ekki varðveist.

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið er vel við haldið og ástand þess gott.

Varðveislugildi:

Miðlung Hluti af götummynd Austurvegar og er elsta hús innan skráningarsvæðisins.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Kaupfélag Rangæinga
 Hönnuður: Teiknistofa sambandsins, S.N. og Y.O.
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Verslun
 Núverandi notkun: Verslun



Teikning frá 1999, Nýja teiknistofan hf.



Mynd. Rangárbírg eystra

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað/klætt		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft; Kjallari	Tvílyft; Kjallari		

Saga:

Fyrri áfangi hússins var reistur árið 1957, teiknaður af Teiknistofu Sambandsins og sá síðari árið 1999, teiknaður af Kjartani Sigmarssyni. Búið er að teikna og samþykkja frekari viðbyggingar þar sem annarri hæð er bætt ofan á hluta hússins sem er ein hæð í dag.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Skrifstofuhluti byggingarinnar ber sterk stílkenni módernisma en verslunarhluti hefur tapað upprunalegu byggingarlistarlegu gildi sínu með breytingum á framhlið hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt fyrir Kaupfélag Rangæinga sem er þó mun eldra en húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur á mikilvægum stað við aðalgötu Hvolsvallar en er umkringt bílastæðaflámi og mætti bæta nánasta umhverfi hússins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur tekið nokkrum breytingum en hluti hússins heldur upprunalegum stíl sínum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist í nokkuð góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti
-----------------	---


Fyrsti eigandi: Landsbankinn

Upphafleg notkun: Þjónusta

Hönnuður: Bárður Daníelsson, arkitekt og verkfræðingur

Núverandi notkun: Þjónusta

Upphaflegur byggingarstíll:



Teikning Bárðar Daníelssonar frá 1970.



Mynd af ja.is

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning:

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Tvílyft; Kjallari

Núverandi

Steinsteipt

Stálpötur

Flatt þak

Steinsteipt

Tvílyft; Viðbygging;
Kjallari**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Byggt fyrir Landsbanka Íslands og sýsluskrifstofur á Hvolsvelli.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Miðlungs

Módernískt hús að einfaldri gerð. Breytingar eru ágætlega heppnaðar og húsið hefur haldið svip sínum.

Menningarsögulegt gildi:

Lágt

Hluti af atvinnusögu þorpsins en hefur ekki sérstakt menningarsögulegt gildi svo vitað sé.

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Stendur á áberandi stað við Austurveg.

Upprunalegt gildi:

Lágt

Gerðar hafa verið tvær stórar breytingar og húsið verið stækkað nokkuð en breytingar falla vel að upprunalega húsinu.

Tæknilegt ástand:

Hátt

Ytra byrði er í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Vel heppnuð módernísk steinsteypubygging.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Menningarstarfsemi

Hönnuður: Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Leifur Gíslason

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi

Halldór Guðmundsson, arkitekt



Teikning frá 1986 af vef Rangárpings eystra.



Mynd af ja.is

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
 Útveggir: Stálplötur
 Þakgerð: Tvíhalla
 Þakklæðning: Bárújárn
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útlit: Tvílyft; Kjallari

Núverandi

Steinsteyp
 Stálplötur
 Tvíhalla
 Bárújárn
 Steinsteyp
 Tvílyft; Viðbygging;
 Kjallari

Helstu breytingar:

1986 Byggt við.

Hönnuðir breytinga:

Gísli halldórsson, Jósef Reynis, Leifur Gíslason,

Saga:

Félagsheimilið Hvoll var vígt 20. ágúst 1960 en það var teiknað af teiknistofu Gísla Halldórssonar arkitekts. Húsið var reist á áruhnum 1958-1960. Lengi vel rak hreppurinn þar veitingasölu og hefur verið einn helsti samkomustaður sveitarfélagsins frá upphafi þess. Áður fyrr voru stórir mannfagnaðir haldnir að Hvoli í barnaskólahúsinu. Þegar húsið var byggt var það 620 fermetrar að grunnfleti, með kjalara bæði undir leiksviði og kaffisal. Í austurálmum var aðstaða fyrir veitingasölu og íbúð fyrir húsvörð. Árið 1986 voru gerðar smávægilegar útlitsbreytingar á húsinu, þó aðallega innanhúss.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Gott dæmi um vel heppnað mórernískt hús sem prýði er af.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Gegnir mikilvægu hlutverki sem Félagsheimili Hvolsvallar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur á áberandi stað í bænum og skipar stóran sess í götu- og bæjarmynd Hvolsvallar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við en viðbygging er vel heppnuð og gamalt og nýtt spila vel saman.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Hátt Bygging sem gegnir mikilvægu hlutverk og sómir sér vel í umhverfi sínu. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: einstök hús, götumynd vegna sögulegs og byggingarlistarlegs


Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Verslun

Hönnuður: Guðfinnur Guðmannsson og Sverrir Norðfjörð, Núverandi notkun: Verslun

arkitekt



Teikning verkfræði- og teiknistofunnar sf. af



Mynd af ja.is

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Tvíhalla

Þakklæðning:

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteipt

Steinskífur og bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

Steinsteipt

Tvílyft; Ris; Viðbygging

Helstu breytingar:

- 1987 Sólskáli byggður við suð-vestur hlið hússins.
- 2007 Byggt við norð-austurhlið hússins og ofaná það.

Hönnuðir breytinga:Jóhannes Ingibjartsson,
byggingatæknifræðingurGuðfinnur Guðmannsson og
Sverrir**Saga:**

Húsið var byggt í mótternískum stíl með tvíhalla þaki og sterkum svip mótternisma. Byggður var sólskáli suð-vestan við söluskálann árið 1987 og skálinn stækkaður til norð-austurs árið 2007 og hæð bætt ofan á hluta hússins. Þessar breytingar hafa gjörbreytt húsinu og merki mótternismans eru alveg horfin.

Varðveislumat:

- Listrænt gildi / Bygg. list: Lágtr Hefur ekki sérstakt byggingarlistarlegt gildi eftir breytingar sem gerðar hafa verið.
- Menningarsögulegt gildi: Lágtr Söluskáli sem hefur ekki sérstakt menningarsögulegt gildi sem slíkur.
- Umhverfisgildi: Lágtr Stendur á áberandi stað við Austurveg en ekki er þrýði af því eða næsta umhverfi þess.
- Upprunalegt gildi: Lágtr Húsinu hefur verið gjörbreytt og hefur tapað upprunalegum svip sínum.
- Tæknilegt ástand: Hátttr Virðist í góðu tæknilegu ástandi eftir breytingar en þær eru þó ekki fullfrágengnar.

Varðveislugildi:

Lágtr

Breytingar sem gerðar hafa verið rýra gildi hússins.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Gylfi Guðjónsson og félagar, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð; Verslun; Þjónusta

Núverandi notkun: Íbúð; Verslun; Þjónusta



Teikning Gylfa Guðjónssonar og félaga, af



Mynd af ja.is

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
 Útveggir: Múrsléttað
 Þakgerð: Mænisþak
 Þakklæðning: Bárújárn
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útliit: Tvílyft

Núverandi

Steinsteyp
 Múrsléttað
 Mænisþak
 Bárújárn
 Steinsteyp
 Tvílyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsinu hefur ekki verið breytt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Fremur láttlaust steinsteypuhús með reglulegri gluggasetningu og uppbroti í formi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Einfalt íbúðar- og verslunarhús sem skipar ekki sess í menningarsögu staðarins svo vitað sé.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Stendur á áberandi stað við Austurveg en ekki er sérstök prýði af því eða næsta umhverfi þess.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Miðlungs Húsið er ágætt að allri gerð en hefur ekki sérstakt varðveislugildi.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Brynja Bergsveinsdóttir

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Teikning eftir Brynju Bergsveinsdóttur, af teikningavef



Hvolsvegur 7 árið 2016. Mynd : Landmótun.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Hlaðið, holsteinn

Útveggir: Timbur

Þakgerð: Valmaþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Einlyft; Reykháfur;
Útitróppur**Núverandi**

Hlaðið, holsteinn

Timbur

Valmaþak

Bárújárn

Steinsteipt

Einlyft; Reykháfur;
Útitróppur**Helstu breytingar:**1980 Bílskúr byggður á lóð, árið 1980 skv.
fasteignaskrá.**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list: Lágt Ágætt dæmi um valma-fúnkishús.

Menningarsögulegt gildi: Lágt Einfalt íbúðarhús sem skipar ekki sess í menningarsögu staðarins né byggingarsögu.

Umhverfisgildi: Miðlungs Sést víða að, m.a. frá Austurvegi.

Upprunalegt gildi: Hátt Virðist upprunalegt að gerð.


Tæknilegt ástand: Miðlungs Virðist nokkuð gott

Varðveislugildi: Miðlungs Ágætt dæmi um valma-fúnkishús en hefur ekki sérstakt varðveislugildi að öðru leyti.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Brynja Bergsveinsdóttir
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning eftir Brynju Bergsveinsdóttur, af teikningavef



Mynd af ja.is

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Hlaðið, holsteinn
Útveggir: Timbur
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útliit: Einlyft; Reykháfur

Núverandi

Hlaðið, holsteinn
Timbur
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft; Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Hefðbundið íbúðarhús sem hefur ekki sérstakt byggingarlistarlegt gildi sem slíkt.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Einfalt íbúðarhús sem skipar ekki sess í menningarsögu staðarins né byggingarsögunni.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hefur ekki sérstakt umhverfisgildi, er að miklu leyti falið í miklum trjágróðri en er hluti götummyndar
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist nokkuð gott.


Varðveislugildi:

Miðlungs Dæmigert íbúðarhús frá þessum tíma sem hefur ekki sérstakt verndargildi sem slíkt.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sæmundur Holgeirsson
 Hönnuður: Magnús Ingólfsson
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð; Þjónusta
 Núverandi notkun: Íbúð; Þjónusta



Teikning frá jan 1984. Teikningavefur Rangárpings



Mynd af ja.is.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Timbur, bindingar
 Útveggir: Timbur
 Þakgerð: Mænisþak
 Þakklæðning: Mótaðar málmplötur
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útlit: Tvílyft; Útitróppur;
 Kjallari

Núverandi

Timbur, bindingar
 Timbur
 Mænisþak
 Mótaðar málmplötur
 Steinsteyp
 Tvílyft; Útitróppur;
 Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Ekki hafa verið gerðar breytingar á húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Byggingarstíll og þakgerð hefur nokkra sérstöðu á svæðinu en þó ekki sérstakt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús sem skipar ekki sess í menningarsögu staðarins né byggingarsögunni.
Umhverfisgildi:	Lágt	Hefur ekki mikið umhverfisgildi en stendur á hornlóð á gatnamótum Hvolsvegar og Vallarbrautar í alfaraleið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist í góðu tæknilegu ástandi.

Varðveislugildi:

Miðlungs Reisulegt hús en hefur ekki sérstakt verndargildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt


Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Menningarstarfsemi; Verslun

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi; Verslun



Mynd: viator.com



Útlitsteikningar Basalt arkitekta, af teikningarvef

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:	Pappi	Pappi		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Svalir	Einlyft; Svalir		

Saga:

Um er að ræða byggingu á einni hæð með sýningum, verslun og veitingasölu fyrir allt að 250 manns. Sýningarsalir eru fjórir talsins, u.þ.b. 100 m² hver. Auk þess er 150 m² bíósalur í húsinu. Í forsal er móttaka með ýmsum upplýsingum fyrir ferðamenn. Útsýnispallur er á efsta þaki, aðgengilegur um utanálggjandi stiga. Byggingin er hönnuð með tilliti til algildrar hönnunar.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Vönduð og látaus bygging sem grípur athygli vegfarenda fyrir stærðar og útlits sakir. Áhugavert mynstur í timburklæðningu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Hefur mikið gildi sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn sem er vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er stórt og staðsett við aðkomuveg úr vestri í bæinn og tekur þar á móti gestum. Mikið bílastæðiaflæmi umlykur bygginguna en hún situr ágætlega í mótuðu umhverfi sínu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýtt, byggt árið 2018.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýtt, byggt árið 2018.

Varðveislugildi:	Hátt	Um nýja og vandaða byggingu er að ræða sem situr vel í umhverfi sínu. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: einstök hús, götummynd vegna samfélagslegs gildis
Verndarflokkar:		Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Hitaveita Rangæinga
Hönnuður: Gylfi Guðjónsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Iðnaður

**Gerð húss: Upphafleg****Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænispak	Mænispak
Þakklæðning:		
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft; Reykháfur	Einlyft; Reykháfur

Saga:

Húsið er upprunalegt að gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Áhugaverð bygging með sterkum stíleinkennum, s.s. hringlaga gluggum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Upphaflega hús hitaveitu Rangæinga en í eigu Orkuveitu Reykjavíkur síðan 2005.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Stendur á bakvið Austurveg 15 en sést þó aðeins frá Austurvegnum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur haldið upprunalegri gerð sinni.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu tæknilegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlung Staðilegt hús með sterkum stíleinkennum sem samsvarar sér vel og er vel við haldið

Verndarflokkar: